**Myndlist**

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

# Íslenzk grafík

Vegna athugasemdar frá sýningarnefnd „Yfirlitssýningar á íslenzkri grafík", er birtist hér í blaðinu sl. föstudag og sem virðist að meginhluta hafa orðið til vegna skrifa minna um sýninguna, tel ég rétt að taka fram eftirfarandi: — Ég átti alls ekki von á að nefndin hasslaði slíkri athugasemd völl á opinberum vettvangi og furða mig á þeim misskilningi, „ofurviðkvæmni" og yfirlæti, sem þar kemur fram.

Nefndin hefur mál sitt á því, að henni hafi verið kunnugt um þann fjölda mynda, er eftir Kristin Pétursson liggja í listgreininni, og að hún hafi þar með einfaldlega dæmt framlag hans úr leik, að undanteknum þrem myndum er henni þóknaðist að taka inn á sýninguna. Hér fer óneitanlega lítið fyrir frjálshyggju og þjónustusemi við hina raunréttu sögulegu mynd af þróun hérlendrar grafík-listar gegnum tíðina, með því að sú þróun byggist hér einungis á þröngu mati sýningarnefndarinnar, þ.e. fárra manna og sérskoðana þeirra.

Varðandi annað atriðið, þá taldi ég það fyrirkomulag viðunandi að gefa öllum félagsmönnum kost á þátttöku þótt það að sjálfsögðu þrengdi að sýningarrými og þar með myndfjölda hinna eldri manna. Getur hér þó naumast talizt rétt, er í ljós kom hve takmarkað rými yrði, að taka t.d. við myndum nemenda í mótun þegar gamalgrónir listamenn eru meðhöndlaðir líkt og K.P.

Þriðja atriði, og því sem mestu rými er varið til, er beint til mín og vísað til ummæla minna: „auk þess sem sýningin gefur ekki alls kostar rétta mynd af framlagi margra hinna eldri þá vantar ýmis nöfn með öllu t.d. Höskuld Björnsson o.fl." — Sýningarnefnd vill hér fá upplýst hver þau „ýmsu nöfn" eru og „fl" af eldri mönnum, sem sýningarnefnd á að hafa gleymt við samsetningu sýningarinnar. — Hér er „gleymt" ekki rétta orðið, en er sýningarnefndin fullviss um að henni hafi tekizt að hafa uppi á öllu því sem gert hefur verið í grafík hérlendis og spor hefur markað, og farið að öllu leyti rétt með í sögulegu yfirliti í sýningarskrá. Hér skal m.a. bent á að Steinþór Sigurðsson kenndi grafík í eitt ár við Myndlista- og handíðaskólann (1959—60) og gæti það bent til þess að hann hafi eitthvað unnið sjálfur í faginu, þá man ég eftir því að Pétur Friðrik gerði eftirtektarverða steinþrykksmynd hjá mér á námsskeiði af „hesti á skokki", sem var m.a. á farandsýningu í Þýzkalandi 1962 og sendust nokkur eintök ytra af þeirri mynd og hvað með Elías B. Halldórsson? Þetta „o.fl." var sem sagt eins konar varnagli gagnvart því að e.t.v. sé ekki allt komið fram, og að áhugaverðir hlutir kunni enn að leynast.

— Hér erum við vísast á hálli braut, þar sem þessi málefni eru fyrst og fremst félagsmál okkar. En áfram heldur sýningarnefndin: „fullyrðingar Braga eru einnig kyndugar í ljósi þess að hann var ráðunautur sýningarnefndar og gaf ýmsar góðar ábendingar — honum var því í lófa lagið að koma áðurnefndum upplýsingum á framfæri, þegar unnið var að sýningunni. Leitt að hann skuli ekki hafa komið þessum upplýsingum á framfæri í tæka tíð."

Rétt er að ég gaf ýmis ráð er ég vissi að áhugi væri á við samsetningu slíkrar sýningar, en það var að mestu í einkaviðræðum og að meginhluta áður en ég var bókaður í sýningarnefnd á aðalfundi samkvæmt framborinni tillögu (ég var ekki á þeim fundi). — Það fóru litlar sögur af nefndri bókun, en ég var þó spurður um hvort ég vildi starfa í sýningarnefnd í því efni að velja myndir og vera ráðgjafi. Til þess gekk ég með undandrætti þó, vegna mikilla anna. — Ég var aldrei kallaður á fund sýningarnefndar til skrafs eða ráðagerða, né að mér væri sýndur listi væntanlegra þátttakenda og hafði ég því ekki tækifæri til að bæta þar inn nöfnum, auk þess sem sýningarnefndin fékk sér annan ráðgjafa, svo sem kunnugt er og m.a. leiddi til úrsagnar Einars Hákonarsonar úr félaginu. — Ég leit nokkrum sinnum inn á Kjarvalsstaði meðan upphenging verka fór fram, en starf mitt var þar af skornum skammti og er þar við tímahrak að sakast, en hvorki mig né sýningarnefnd. Í sýningarskrá er mín ekki getið í sýningarnefnd né sem ráðgjafa, svo að þessi nýi titill sem ráðunautur nefndarinnar kemur mér á óvart. Ég mun þó jafnan boðinn og búinn til samstarfs ef óskað er eftir, aðstæður leyfa og viðgangur þessarar listgreinar kallar.

— Þá er það reginmisskilningur að ég teldi það ágalla við sýninguna, að þar vantaði margar af mínum beztu trérista- um auk málmætinga og steinþrykkja. Þó slíkt sé í sjálfu sér sannleikanum samkvæmt var ég mjög ánægður með minn hlut á sýningunni, og það er hárrétt hjá sýningarnefnd, að ég hafi við engan að sakast í þeim efnum nema sjálfan mig, ef framlag mitt hefur ekki gefið fullnægjandi mynd. — Ég var hér alls ekki að áfellast sýningarnefnd, — sem ég var í þessu efni mjög ánægður með og hefði verið ánægður með hálfu færri myndir frá minni hendi, — heldur var ég einfaldlega að leiðrétta framslátt Kristins Péturssonar um **einkasýningar**, en ég skildi hann svo, að þar ætti hann við framlag þeirra er flestar myndir áttu á sýningunni þ.e. Jón Engilberts, Barböru Árnason og mig.

Allt er hægt að misskilja og rangtúlka ef vilji er fyrir hendi, en þessi misskilningur er svo annarlegur að helzt minnir á söguna af útlendingnum, sem talaði um „fjör" í stað fjöru í mjög neyðarlegu tilviki í opinberu hófi, svo sem frægt er, eða konuna er ðaðist að „lauslæti" biskupsdætra í stað látleysi!

— Ég á sannarlega erfitt með að finna kveikjuna að frumhlaupi sýningarnefndar, og það felst ekki lítið yfirlæti í þeirri framsetningu hennar, „að ekkert hafi komið fram opinberlega, sem hnikar markmiði sýningarinnar, að gera úttekt á því bezta sem gert hefur verið í grafík undanfarna áratugi". En þeirri spurningu er enn ósvarað, hvort nefndin telji sig hafa náð því marki, t.d. án þátttöku Einars Hákonarsonar og án þess að rétt mynd komi fram varðandi framlag annarra, eldri sem yngri.

Í hugleiðingum minum hér í blaðinu leitaðist ég fyrst og fremst við að upplýsa flest það sem ég vissi um þróun grafíklistar og kennslu hérlendis, til þess að fylla inn í heildarmyndina með hliðsjón af seinni tíma.

Sýningin var þannig sett upp, að útilokað var að gera henni full skil í takmarkaðri blaðagrein, enda hefur enginn listrýnir treyst sér til þess í skrifum sínum.

Að lokum vil ég ítreka það sem ég hefi áður gefið í skyn opinberlega, „að ég tel sýninguna mikið afrek miðað við allar aðstæður", — vil ég nota tækifærið til að þakka enn einu sinni fyrir framtakið og minn hlut á sýningunni. En það álit mitt stendur óhaggað, að hér hafi ekki allt komið fram, — né alls kostar rétt verið farið með um framlag ísl. dagblaða til grafík-lista. — Hér gleymdist t.d. hlutur Morgunblaðsins með öllu.

Þá óska ég grafík-félaginu alls velfarnaðar og vona að innan þess megi jafnan fremur ríkja „fjör" en fjara.

Dr. Stefán Aðalsteinsson:

# Búskaparþróun

## Mataræði, búskapur og byggðaþróun í Noregi

**2. grein**

Í áætlanagerð sinni um mataræði, búskap og byggðaþróun gera Norðmenn ráð fyrir að vera sjálfum sér nógir um sem flest matvæli.

Í landbúnaðaráætlunum sínum stefna þeir að því:

- að auka heimaræktun á fóðurkorni og matarkorni
- að draga verulega úr korninnflutningi, einkum fóðurkorni
- að auka hlutdeild gróffóðurs í fóðri búfjár
- að auka grasræktarland verulega og rækta hærra til fjalla en áður
- að draga úr fólksflótta úr sveitum og tryggja betur en nú er kjör sveitafólks miðað við aðrar stéttir.

Í grein þeirri, sem hér fer á eftir, verður gerð nánari grein fyrir þeim markmiðum, sem Norðmenn hafa sett sér í sambandi við þróun landbúnaðar síns og rökstuðningurinn rakinn.

Norsk stjórnvöld hafa sett fram eftirfarandi viljayfirlýsingu varðandi mataræði og matvælaframleiðslu þjóðarinnar:

„Við stefnumótun í mataræði og matvælaframleiðslu þarf að áliti ríkisstjórnarinnar að samræma mörg mikilvæg markmið og sjónarmið. Þeim er hægt að gera skil í eftirfarandi atriðum:

1. Hvetja ber til heilsusamlegs mataræðis.
2. Stefnumótun í neysluvenjum og matvælaframleiðslu ber að samræma ályktunum Alþjóðamatvælaráðstefnunnar.
3. Af öryggisástæðum ber að stefna að því, að aukin verði framleiðsla og neysla á norskum matvælum, og betri grundvöll þarf að leggja að því að geta með skjótum hætti aukið hlutdeild heimaframleiðslu í heildarþörf fyrir matvæli.
4. Vegna byggðasjónarmiða ber að leggja mesta áherslu á að nýta búvöruframleiðslumöguleikana í þeim héruðum, sem standa höllum fæti frá atvinnusjónarmiði."

Til að ná ofannefndum markmiðum að því er varðar matvælaframleiðsluna, hefur verið gerð áætlun um nauðsynlegar breytingar á norskum landbúnaði, og skulu helstu atriði þeirrar áætlunar nú rakin hér.

Gert er ráð fyrir, að ræktað og hálfræktað land verði aukið úr 900 þús. ha. í 1 milljón ha. á tímabilinu 1974—1990, en fullræktað land aukist á sama tíma úr 790 þús. ha. í 900 þús. ha.


Landbúnaðinum verði gert að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir mjólk og mjólkurafurðir, ost, smjör, kjöt, kartöflur, ávexti og ber.

Framleiðslumagn þessara vara ber að miða við neysluþörf þjóðarinnar.

Ennfremur ber að stefna að því, að neyslan verði í samræmi við þær ráðleggingar, sem fram hafa komið og miðast annars vegar við heilsufarsþætti og hins vegar við nauðsyn þess að geta fullnægt matvælaþörf í sem mestum mæli með heimaframleiðslu ef þörf krefur.

Leggja ber áherzlu á verulega aukningu kornræktar, og verulegur hluti þeirrar aukningar þarf að vera matarkorn. Berjaframleiðslu þarf einnig að auka. Sykurframleiðslu er ekki ástæða til að stunda í Noregi.

Á það ber að leggja áherzlu, að ¾ hlutar af aukningu ræktanlegs lands komi til þeirrar héraða, sem




höllum fæti standa frá atvinnusjónarmiði.

Gert er ráð fyrir, að hamlað verði gegn þeim flótta frá búskap, sem einkennt hefur norskan landbúnað undanfarið.

Á tímabilinu 1969—1974 fækkaði árlega um 8200 ársverk í landbúnaði, og býlum fækkaði alls um 35000 á þessu tímabili eða um 6800 býli á ári. Samtímis dróst ræktað land saman úr 990 þús. ha. í 900 þús. ha. Gert er ráð fyrir, að fyrstu áhrif þeirrar stefnubreytingar, sem hér er um að ræða, verði þau, að ræktað land hætti að falla í órækt, en meginaukningin í ræktun lands eigi sér stað á tímabilinu 1980—1990.

Þrátt fyrir þessa stefnubreytingu er gert ráð fyrir, að 3300 ársverk hverfi frá landbúnaði á ári fram til 1980, en frá þeim tíma og fram til 1990 fækki um 900 ársverk á ári. Lögð verður áherzla á, að fækkunin verði minni í héruðum, sem hafa ótrygg atvinnuskilyrði.

Hér á eftir eru sýndar nokkrar tölur um fólksfjölda í landinu alls, ársverk í landbúnaði, ræktað land á bú, fjölda kúa og nythæð kúa.

| Ár | Fólksfjöldi, þús. | Ársverk í landb. þús. | Ræktað land á bú, ha | Fjöldi kúa, þús. | Meðalnyt, lítrar |
|---|---|---|---|---|---|
| 1959 | 3553 | 229 | 5,0 | 594 | 2566 |
| 1969 | 3851 | 166 | 6,0 | 436 | 4001 |
| 1974 | 3991 | 123 | 7,4 | 404 | 4508 |
| Áætlun: | | | | | |
| 1980 | 4091 | 102 | 8,9 | 375 | 4900 |
| 1990 | 4245 | 93 | 10,7 | 375 | 5000 |

Þessar tölur og nokkrar fleiri eru sýndar á línuriti.

Tölurnar frá tímabilinu 1959—1974 sýna, að stórfelld fólksfækkun hefur orðið í landbúnaði, en stærð ræktaðs lands á býli hefur aukist og nythæð mjólkurkúa hækkað ævintýralega míkið. Jafnframt hefur kúm fækkað mjög ört. Samtímis þessu hefur fólksfjölgun orðið mikil í landinu, en þrátt fyrir samdrátt vinnuafls í landbúnaði hefur matvælaframleiðsla hans haldið nokkurn veginn í horfinu.

Stefnubreytingin, sem lýst hefur verið hér að framan, miðast við að draga úr fækkun fólks við bústörf, sérstaklega á viðkvæmum svæðum, og samtímis er gert ráð fyrir, að hlutdeild innanlandsframleiðslu í matvælaneyslu þjóðarinnar aukist verulega vegna óvissunnar, sem nú ríkir um matvælaframboð á heimsmörkuðum og síaukinnar matarþarfar sívaxandi fólksfjölda um heim allan.

Norðmenn hafa tvö aðalatriði að leiðarljósi í stefnumótun sinni í mataræði og matvælaframleiðslu, og þau eru þessi:

- Það er engan veginn gefið, að neysluþróunin í þróuðu löndunum sé hagkvæm frá heilsufarslegu sjónarmiði, og ýmislegt bendir til, að hún geti verið mjög varhugaverð.
- Það er engan veginn gefið, að þróuðum þjóðum verði liðið það til lengdar að sóa verðmætum næringarefnum, sem matarvana þjóðir skortir, eins og t.d. það að breyta matarkorni í kjöt. Þess vegna vilja Norðmenn ganga á undan öðrum með góðu fordæmi að þessu leyti.

## Þrír sækja um Laugalækjarskóla

SKÓLASTJÓRASTAÐA í Laugalækjarskóla í Reykjavík var fyrir nokkru auglýst laus til umsóknar og bárust þrjár umsóknir um stöðuna, en umsóknarfrestur rann út 25. júní. Umsækjendur eru þeir Árni Þorsteinsson skólastjóri á Blönduósi, Kristján Thorlacius yfirkennari í Vörðuskóla í Reykjavík og Þráinn Guðmundsson, settur skólastjóri í Laugalækjaskóla. Staðan verður væntanlega veitt í næstu viku.

Í síðasta Lögbirtingablaði eru tvær skólastjórastöður auglýstar lausar til umsóknar. Það er við Laugagerðisskóla á Snæfellsnesi og við Iðnskólann í Hafnarfirði.

